

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 82/2015****2016/EES/42/09****frá 30. apríl 2015****um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/244 frá 16. febrúar 2015 um leyfi fyrir kínólingulu sem fôðuraukefni fyrir dýr sem gefa ekki af sér afurðir til manneldis ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/264 frá 18. febrúar 2015 um leyfi fyrir neóhesperidíndíhýdrókalkóni sem fôðuraukefni fyrir sauðfé, fiska, hunda, kálfa og tiltekna flokka svína ⁽²⁾.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um fôður. Ákvæði löggjafar um fôður skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.
- 4) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liðir bætist við á eftir 125. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/47) í II. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

„126. **32015 R 0244**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/244 frá 16. febrúar 2015 um leyfi fyrir kínólingulu sem fôðuraukefni fyrir dýr sem gefa ekki af sér afurðir til manneldis (Stjtið. ESB L 41, 17.2.2015, bls. 8).

127. **32015 R 0264**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/264 frá 18. febrúar 2015 um leyfi fyrir neóhesperidíndíhýdrókalkóni sem fôðuraukefni fyrir sauðfé, fiska, hunda, kálfa og tiltekna flokka svína (Stjtið. ESB L 45, 19.2.2015, bls. 10).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerða (ESB) 2015/244 og (ESB) 2015/264, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. maí 2015, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (*).

(¹) Stjtið. ESB L 41, 17.2.2015, bls. 8.

(²) Stjtið. ESB L 45, 19.2.2015, bls. 10.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. apríl 2015.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.